

# 1. LJÓÐALESTUR

*Hvaða „hljóða auga“ er höfundur að tala um?*

**Opið á fallbyssuhlaupinu.**

*Hvers konar friður er „vopnaður friður“?*

**Friður þar sem vopnabúnaður andstæðra herja vekur ugg og gerir það að verkum að hvorugur aðilinn þorir í stríð.**

*Hvernig má túlka heiti ljóðsins sem þversögn?*

**Vopn eru vígtól notuð í stríði og hafa þannig ekkert með frið að gera.**

*Nefndu dæmi um persónugervingu í ljóðinu.*

**Fallbyssan horfir; hún hefur auga.**

*Hvað einkennir fornyrðislag?*

**Í fornyrðislagi eru átta línur, sem skiptast í tvo hluta, fjórar línur í hvorum hluta. Þar er ekkert endarím, en bæði stuðlar (einn eða tveir) og höfuðstafur. Í hverri línu eru tvö áhersluatkvæði sem heyra má er ljóðið er lesið upphátt.**

*Segðu frá stuðlum, rími og byggingu ljóðsins.*

**Segja má að ljóðið sé tvískipt með tveimur meginmyndum; annars vegar fallbyssan sem vísar til himins og hins vegar fuglinn (friðartákn) með sitt hreiður. Ljóðið er stuðlað (einn höfuðstafur á móti stuði, nema í þriðju línu: þar eru tveir stuðlar á móti höfuðstafnum í fjórðu línu). Ljóðið er órímað.**

*Hvaða táknmyndir má finna í ljóðinu og fyrir hvað standa þær?*

**Fallbyssan er tákn fyrir stríð.**

**Fuglinn er tákn fyrir frið.**

*Hvaða andstæður eru í ljóðinu?*

**Myndun lífs, sbr. hreiður fuglsins.**

**Tól dauðans; fallbyssan.**

## 2. MIKIL GUÐSGJÖF

Skriðu orðin í kassanum á rétta staði í eyðurnar.

Ég er þakklát við **guð** og lífið sem hefur gefið mér svo margt af því sem mig hefur **langað** til að eignast. Og þótt ég hafi ekki fengið allt sem ég hefði máske getað **óskað** eftir þá er ég jafn ánægð og þakklát fyrir það. Lífið sjálft finnst mér **stór** og mikil guðsgjöf með öllum sínum **auð** og margvíslegu möguleikum. Ég **vona** að ég verði aldrei svo gömul og **sálargrá** að ég geti ekki viðurkennt og fundið að sjálft lífið er **dýrasta** gjöfin sem maðurinn fær í **vöggugjöf**.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856–1940)  
Úr bréfi til frænda í Kanada 14. febrúar 1933.  
Húsfreyjan, 2. tbl. 1981.

Hvernig myndir þú útskýra orðið „sálargrá“ sem Bríet notar?

T.d. dauf, áhugalaus, hlutlaus, bitur

Geturðu fundið dæmi um dönskuslettu í textanum?

máske

## 3. PERSÓNUFORNÖFN

Strikaðu undir öll persónufornöfnin.

Magnús vildi að **við** kæmum til **hans**. **Okkar** trú var sú að ef **hann** fengi að ráða þá yrðu allir ánægðir. Stúlkan vildi fá að reyna sig við æfinguna. Ljóðið þitt er ágætt en ljóðið **hennar** finnst **okkur** betra. Hvað finnst **þér** um að **við** beinum sjónum **okkar** til annarra landa? **Við**, **ég** og **þú**, ættum að fara eitthvað saman í frí. **Það** gæti hjálpað **okkur** í framtíðinni. Drengirnir vildu bara að **þeirra** framlag yrði metið að verðleikum en **þeirra** var að sannfæra dómnefndina um **það**. **Þeim** fannst lagið sitt ágætt en þó ekki alveg nógu gott. Barnið gekk út á götuna. **Það** skynjaði ekki hættuna, en til allrar hamingju varð **því** ekki meint af þessu brólti sínu. Gjöfin var til **ykkar** allra, ekki bara til **hans** og **hennar**. Tekurðu vítamín? Já, það gerir **mér** gagn.

Fallbeygðu.

nf.	þf.	þgf.	ef.
við	<b>okkur</b>	<b>okkur</b>	<b>okkar</b>
þið	<b>ykkur</b>	<b>ykkur</b>	<b>ykkar</b>
þeir	<b>þá</b>	<b>þeim</b>	<b>þeirra</b>
þær	<b>þær</b>	<b>þeim</b>	<b>þeirra</b>
þau	<b>þau</b>	<b>þeim</b>	<b>þeirra</b>

## 4. SPURNARFORNÖFN

Beygðu nú orðið *hvor* á sama hátt.

	kk.	kvk.	hk.
nf.	hvor	hvor	hvort
þf.	<b>hvorn</b>	<b>hvora</b>	<b>hvort</b>
þgf.	<b>hvorum</b>	<b>hvorri</b>	<b>hvoru</b>
ef.	<b>hvors</b>	<b>hvorrar</b>	<b>hvors</b>

Bættu spurnarfornöfnum í setningarnar.

**Hver/Hvor** þeirra kom hingað áðan?

**Hverjum/Hvorum** er hann líkur?

**Hver/Hvor** bílanna er þinn?

**Hvers** kona var þetta?

**Hvílíkt** og annað eins?

Strikaðu undir spurnarfornöfnin í textanum hér fyrir neðan.

**Hver** er hann, maðurinn sem kom hér áðan? **Hvor** stúlkanna vinnur hjá þér? Hjá **hverjum** starfar hann? **Hvaða** strætó á ég að taka til komast í vinnuna? **Hver** okkar yrði fyrstur að deyja? **Hvert** erum við að fara?

**Hvílíkan** mann hafði ég aldrei hitt fyrr.

**Hvaða** vitleysa er þetta?

Hver er merkingarlegur munur á spurnarfornöfnunum *hvor* og *hver*?

Við notum *hvor* þegar um tvo aðila er að ræða, en *hver* þegar vísað er til fleiri en tveggja.

Beygðu orðin *hver* og *hvor* í öllum kynjum í fleirtölu.

	kk.	kvk.	hk.
nf.	hverjir	hverjar	hver
þf.	<b>hverja</b>	<b>hverjar</b>	<b>hver</b>
þgf.	<b>hverjum</b>	<b>hverjum</b>	<b>hverjum</b>
ef.	<b>hverra</b>	<b>hverra</b>	<b>hverra</b>

	kk.	kvk.	hk.
nf.	hvorir	hvorar	hvor
þf.	<b>hvora</b>	<b>hvorar</b>	<b>hvor</b>
þgf.	<b>hvorum</b>	<b>hvorum</b>	<b>hvorum</b>
ef.	<b>hvorra</b>	<b>hvorra</b>	<b>hvorra</b>

## 5. ORÐFLOKKALEIKUR

### Bréfið

Skriðu orð að eigin vali eftir fyrirmælunum (eða fáðu bekkjarfélagi til að stinga upp á orðum) án þess að skoða textann á næstu blaðsíðu. Færðu svo orðin inn í eyðurnar í textanum. Þú þarft að beygja orðin svo þau falli að textanum.

Hér geta svörin verið óendanlega ólík, en við látum fylgja eina hugsanlega útgáfu.

Elsku (nafn) Frikki.

Ég hef (lo. kvk. ft.) grænar fréttir að færa! Ég hitti (no. kk. m.gr.) skápin minn í gær og gettu hvað hann sagði! Ég fæ að fara með í ferðina sem ég sagði þér frá! Ég er hreinlega að springa af (tilfinning) kátínu! Eftir (töluorð) fimmtán (tímaeining) ár verð ég í (farartæki) kassabíl á leiðinni til (staðarheiti) Raufarhafnar. Þetta verður (lo. hk.) mjúkt! Við verðum þarna í (töluorð) tíu (tímaeining) mínútur og gerum ekkert nema (so.) blása allan tímann. Það er ekki seinna vænna að byrja að pakka niður. Ég mun auðvitað taka með mér (lo.) kurteisa (no. m.gr.) flóðhestinn sem þú gafst mér í fyrra og hefur komið sér vel í öllum (áhugamál) þrjóna-ferðunum. (no. ft. m.gr.) Kjötbollur eru líka ómissandi í svona ferð. Ég vona bara að öll (no. hk. m.gr.) pálmatrén komist fyrir í töskunni! Láttu mig vita ef þú vilt að ég sendi þér (no.) sokkabuxur eins og síðast. Heyrumst fljótlega! Kær kveðja, (nafnið þitt) Jón


## 6. KROSSGÁTA

Lóðrétt

1. janúar
3. geit
4. ginna
7. geiga
8. gámur
9. gil
10. gáfaður
11. gemsí
13. fitna

Lárétt

2. tegund
3. gata
5. ótti
6. gálgi
8. gegna
11. giljagaur
12. ansa
14. gildra
15. gauf



## 7. EYÐUFYLLING

### ***Pekking á náttúrunni***

*Skriðu orðin í kassanum á rétta staði í eyðurnar.*

Framfarir mannkynsins eru ekkert annað en fullkornun í náttúruþekkingu, skoðun á náttúrunni í kringum oss leiðir til íhugunar og umhugsunar og af því fæðast endurbætur á ýmsu er snertir stöðu vora gagnvart náttúrunni, vér finnum fleiri og fleiri meðul sem gera oss lífið léttbærara og veita oss ánægju og nautn. Vér erum einn hluti náttúrunnar og erum bundnir við hana með óteljandi taugum, og það hefur frá upphafi mannkynsins verið óhjákvæmileg þörf og skylda vor að haga oss eftir náttúrunni og þó gera oss hana undirgefna. Án náttúruskoðunar og náttúrurannsókna er öll menning mannkynsins, frá hinu lægsta til hins æðsta stigs, beinlínis óhugsandi.

Porvaldur Thoroddsen prófessor (1855–1921).  
Úr greininni: „Fáeinir athugasemdir um skynjan og skilningarvit“.  
Andvari, 34. árg., 1909

## 8. AFTURBEYGT FORNAFN

*Gerðu hring utan um afturbeygðu fornöfnin í textanum.*

Þeir þóttust góðir og fundu til sín. Hann hugsar fyrst og fremst um sjálfan sig. Enginn er bóndi nema hann barmi sér. Hann signir sig ávallt áður en hann fer að sofa. Sér grefur gröf. Púlið undanfarna daga sagði fljótt til sín og hann var farinn að kveinka sér fyrr en varði. Hann sagði mér að sig langaði til að læra bókmenntir þó hann treysti sér varla til þess. Hann ætlar að koma í heimsókn til mín þegar hann sér færi á. Ég er ekki með peningana á mér núna en hafðu engar áhyggjur. Ég er ekki eins og þú. Ég hugsa ekki bara um sjálfan mig.

## 9. HUGARKORT – PÓLLAND

*Hér fyrir neðan má sjá svokallað hugarkort, þar sem koma fram alls kyns upplýsingar um Pólland. Notaðu upplýsingarnar til að skrifa stutta ritgerð um landið.*

**(Mismunandi svör.)**

## 10. EIGNARFORNÖFN

*Gerðu hring um eignarfornöfnin.*

Þetta er kökusneiðin mín ekki þín. Bíllinn minn er blár. Hún hugsar vel um dóttur sína. Ég treysti mínum útreikningum betur. Þetta er óður til barnanna minna. Hverjum þykir sinn fugl fagur. Mínar eru sorgirnar þungar sem blý. Mín regnhlíf er týnd. Hann var að segja mér frá dóttur sinni. Er þetta barnið þitt? Dýrin mín stór og smá. Eru þetta bækurnar þínar? Barnið mitt gerir ekki svona lagað.

*Beygðu eignarfornafnið þinn í öllum föllum, eintölu og fleirtölu.*

eintala

	kk.	kvk.	hk.
nf.	þinn	þín	þitt
þf.	<b>þinn</b>	<b>þína</b>	<b>þitt</b>
þgf.	<b>þínum</b>	<b>þinni</b>	<b>þínu</b>
ef.	<b>þíns</b>	<b>þinnar</b>	<b>þíns</b>

fleirtala

	kk.	kvk.	hk.
nf.	þínir	<b>þínar</b>	<b>þín</b>
þf.	<b>þína</b>	<b>þínar</b>	<b>þín</b>
þgf.	<b>þínum</b>	<b>þínum</b>	<b>þínum</b>
ef.	<b>þinna</b>	<b>þinna</b>	<b>þinna</b>

## 11. LJÓÐALESTUR

*Í hvað er höfundur að vísa í ljóðinu?*

**Þekktu barnabók sem ber sama nafn.**

*Lýstu sonnettubragarhættinum.*

Bragarhátturinn heitir **sonnetta**, nánar tiltekið ensk sonnetta. Sonnetta er alltaf 14 **línur**. Einkenni ensku sonnettunnar er að hún samanstendur af 4 **erindum**, þremur fjögurra lína erindum og lokaerindi sem er tvær línur. Rím er **víxlrím** í fjögurra lína erindunum en **parrím (runurím)** í síðustu línunum tveimur, abab cdcd efef gg.

*Hvað er höfundur að segja okkur með þessu ljóði?*

**Enginn er eyland. Maður er manns gaman.**

## 12. EYÐUFYLLING

### ***Þögul tign***

*Skriðu orðin í kassanum á rétta staði í eyðurnar.*

Hvar sem ég hef farið um önnur **lönd**, Ítalíu, Alpafjöll eða annars staðar um **norðlægari** fjöll og héruð, hef ég hvergi séð aðra eins **feegurð**, annan eins dýrðarljóma og laðandi afl náttúrunnar, aðra eins **þögula** tign eins og stundum á fögrum sumarkvöldum milli jökla á **öræfum** Íslands, þar er allt svo hátíðlegt, hreint og **skært**, það er eins og maður fái nokkur augnablik leyfi til að líta inn í **eilífðina**. Ég er sannfærður um að öllum **Íslendingum** sem hafa opið auga fyrir feegurð náttúrunnar þyki landið **sitt** fagurt og frítt, og það væri **óskandi** og vonandi að menn sýndu **ræktarsemi** sína við fósturjörðina í verkinu með því að hlúa að henni og gjöra hana sem **hentugastan** bústað fyrir niðja vora.

Þorvaldur Thoroddsen prófessor (1855–1921)  
Úr greininni „Hugleiðingar um aldamót“.  
Andvari, 26. árg., 1901.

*Aukaverkefni:*

*Finndu eignarforanafn í textanum. **sitt/ sína/ vora***

*Myndaðu setningu þar sem orðin sína og sýna koma fyrir.*

**Dæmi: Hann langaði til að sýna einhverjum bílana sína.**


## 13. KROSSGÁTA

Lárétt

2. frost
5. atóm
7. fylgja
8. Freyja
9. frægur
11. hlunnindi
13. loforð
14. frú
15. fullorðinn
16. fullkominn
17. land

Lóðrétt

1. byssa
2. friðar
3. fræða
4. fullur
6. ókeypis
7. fagur
10. eldur
12. fúll
15. frunsa



# 14. ÁBENDINGARFORNÖFN

*Gerðu hring utan um ábendingarfornöfnin.*

Er þetta **sá** sem kom síðast? Nei, þetta er **hinn** eigandinn. **Sá** yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum. Mér verður stundum hugsað til **þessara** kvenna þegar ég sé **hinar** vera að reyna **þetta**. Hvað er **þetta** barn að gera hér? Hættu **þessu** strax! Við verðum að hjálpa **þessum** náungum. **Hinir** voru ágætir en **þessir** virðast ekki geta **þetta**. Hvað er **þetta**? Er **þetta hin** dóttir hans? **Þetta** barn kom hingað ásamt öðru, en **hitt** fór snemma. Hvar er **sú** sem kom með **þetta** hingað?

*Aukaverkefni: Myndaðu setningu þar sem lausi greinirinn hinn og ábendingarfornafnið hinn koma fyrir.*

**Hinn mikli Egill Skallagrímsson var hinn sem kom í veisluna.**

*Beygðu orðið þessi í eintölu og fleirtölu.*

eintala

	kk.	kvk.	hk.
nf.	þessi	þessi	þetta
þf.	<b>þennan</b>	<b>þessa</b>	<b>þetta</b>
þgf.	<b>þessum</b>	<b>þessari</b>	<b>þessu</b>
ef.	<b>þessa</b>	<b>þessarar</b>	<b>þessa</b>

fleirtala

	kk.	kvk.	hk.
nf.	þessir	<b>þessar</b>	<b>þessi</b>
þf.	<b>þessa</b>	<b>þessar</b>	<b>þessi</b>
þgf.	<b>þessum</b>	<b>þessum</b>	<b>þessum</b>
ef.	<b>þessara</b>	<b>þessara</b>	<b>þessara</b>

# 15. LJÓÐAÞRAUT

*Raðaðu stafakössunum þannig að út komi málsháttur.*

**Sá vægir sem vitið hefur meira.**



## 16. ÞRAUT

Kannski hefur þú heyrt söguna um grísina þrjá sem byggðu sér hús. Einn byggði hús úr stráum, annar úr spýtum og sá þriðji úr múrsteinum. Nú átt þú að finna út hvaða grís byggði úr hvaða efni, í hvaða þorpi hann byggði og stærð húsa þeirra eftir vísbendingunum sem gefnar eru upp fyrir neðan.

	ÞORP	STÆRÐ	EFNIVIÐUR
Alli grís	<b>Búðardalur</b>	<b>miðstærð</b>	<b>múrsteinar</b>
Gulli grís	<b>Dalvík</b>	<b>minnst</b>	<b>strá</b>
Palli grís	<b>Hveragerði</b>	<b>stærst</b>	<b>spýtur</b>

## 17. ORÐALEIT

Finndu risaeðlurnar í stafaruglinu. Þær geta verið faldar lóðrétt, lárétt, á ská, aftur á bak eða áfram!

s	e	i	þ	v	e	n	g	e	ð	l	a	f	r	ú
s	n	g	v	ú	ð	e	j	á	s	k	o	i	k	j
o	n	r	e	h	a	m	s	k	y	þ	ð	n	a	f
n	b	a	r	a	l	þ	r	a	s	ó	f	n	ú	k
h	ú	m	r	ú	m	á	j	m	r	r	æ	g	í	h
t	t	e	b	e	e	t	v	b	á	s	s	á	x	y
r	s	ð	ö	k	ð	é	u	e	h	e	ð	l	a	k
ö	g	l	i	r	á	l	æ	ð	k	ð	e	k	l	ó
a	r	a	f	j	ð	k	a	l	e	l	f	n	ð	f
ð	j	p	f	e	u	s	r	a	v	a	u	h	e	g
h	ó	i	s	s	r	y	þ	æ	r	s	k	ó	r	í
æ	t	r	ö	l	l	e	ð	l	a	g	ð	p	a	s
b	ó	a	b	r	y	r	é	s	v	e	l	r	d	r
þ	t	s	ð	ó	f	ö	n	k	t	y	x	e	n	ú
a	l	ð	e	s	g	n	i	n	r	y	h	s	a	n

## 18. ÓÁKVEÐIN FORNÖFN

Aukaverkefni:

Hvers konar fornöfn er um að ræða í þessari málsgrein:

Hver sp. fn. segir að hver óákv. fn. um sig fái þúsund evrur?

Beygðu orðið enginn í eintölu og fleirtölu og öllum kynjum.

eintala

	kk.	kvk.	hk.
nf.	enginn	engin	ekkert
þf.	<b>engan</b>	<b>enga</b>	<b>ekkert</b>
þgf.	<b>engum</b>	<b>engri</b>	<b>engu</b>
ef.	<b>einskis</b>	<b>enrar</b>	<b>einskis</b>

fleirtala

	kk.	kvk.	hk.
nf.	<b>engir</b>	<b>engar</b>	<b>engin</b>
þf.	<b>enga</b>	<b>engar</b>	<b>engin</b>
þgf.	<b>engum</b>	<b>engum</b>	<b>engum</b>
ef.	<b>engra</b>	<b>engra</b>	<b>engra</b>

Gerðu hring utan um óákveðnu fornöfnin í textanum.

**Enginn** verður óbarinn biskup. Dag **einn** stóð hann upp ásamt einum **öðrum** og þeir gengu burt. **Hvorugur** þeirra virtist hafa hugmynd um hvað þeir væru að gera. Stúlkurnar fengu 2000 kr. **hvor** fyrir eins dags vinnu. **Annað hvort** okkar verður að segja honum fréttirnar. Hann vildi ekki að **neinn** sæi sig. Hún er **ymsu** vön en **enginn** hafði búið hana undir þetta.

## 19. HJÁLPARSAGNIR

Fylltu í eyðurnar. Hafðu hjálparsögn í nútíð.

munu:	Ég <b>mun</b> fara.
hafa:	Þú <b>hefur</b> komið.
vera:	Ari <b>er</b> að fara.
verða:	Sigrún <b>varð</b> að koma.
skulu:	Þú <b>skalt</b> sækja um vinnu.
munu, hafa:	Hann <b>mun hafa</b> komið í gær.

Veldu hjálparsögn til að setja í eyðurnar.

Hann **hefur** séð þetta allt áður.

Hann **verður** að mæta eftir klukkutíma.

Engum **hefur** tekist að ljúka þessu fyrir.

Þú **munt** byrja.

Ég **skal** hjálpa þér.

Hún **verður** að hitta hann.

Þau **hafa** hlaupið lengi í ræktinni.

Lestu kaflann og svaraðu svo spurningunni.

Í hverri setningu eru fleiri en ein sögn. Hvað eiga fyrstu sagnir hverrar setningar sameiginlegt?

Þær eru hjálparsagnir.

## 20. ORÐ + ORÐ = \_\_\_\_\_

Bættu við orðin fyrir neðan til að mynda ný orð.

Hríf + andi = **Hrífandi**

Gef + andi = **Gefandi**

Verj + andi = **Verjandi**

Hverf + andi = **Hverfandi**

Kindar + legur = **Kindarlegur**

Venju + legur = **Venjulegur**

Barna + legur = **Barnalegur**

Frjáls + legur = **Frjálslegur**

## 21. ORÐFLOKKAGREINING

Greindu orðin fyrir framan svigana í fornöfn (fn), lýsingarorð (lo), nafnorð (no) og sagnorð (so).

Um kvöldið (**no**) dönsuðu (**so**) þau (**fn**) í danssalnum (**no**) stóra (**lo**), kóngsdóttirin og skugginn (**no**). Hún (**fn**) var létt (**lo**), en hann var enn léttari; slíkan (**fn**) dansara (**no**) hafði hún (**fn**) aldrei þekkt (**so**). Hún sagði (**so**) honum, frá hvaða (**fn**) landi (**no**) hún væri (**so**), og hann kannaðist (**so**) við landið, því hann (**fn**) hafði verið (**so**) þar, en þá var (**so**) hún (**fn**) ekki heima.

## 22. NAFNORÐ

Finndu nafnorðin í eftirfarandi lestexta og skrifaðu þau á strikin fyrir neðan. Strikaðu síðan undir þau sem eru með greini.

Það hefur löngum verið **tilhneiging manna** að raða **heiminum** upp í merkingabærar **einingar** til að geta skilið hann betur og haft hann í **röð** og **reglu**. Þannig hafa **vísindamenn** flokkað allar **lífverur** niður í **yfirflokk** og **undirflokk** eftir ákveðnum **forsendum** til að aðgreina þær frá öðrum. **Mennirnir** fylla **flokk spendýra** ásamt mörgum öðrum **skepnum** eins og **hvölum** og **selum** sem falla undir það að vera **sjávarspendýr**. Eins og önnur **spendýr** hafa þau heitt **blóð**, fæða lifandi **afkvæmi** sem þau ala á **mjólk** úr **spena**. En ólíkt **spendýrum** sem búa á **landi** hafa þau t.a.m. glatað mestöllum **hárvexti** til að aðlaga sig betur **lífinu** í **sjónum**.

## 23. RITUN

Skoðaðu myndina hér fyrir neðan. Skáldaðu upp í huganum hverjar persónurnar eru og kringumstæðurnar sem þær eru í. Skrifaðu síðan um það á næstu síðu.

(Mismunandi svör.)

## 24. FORNÖFN – SAMANTEKT

Hverjir eru sex flokkar fornafna?

1. Persónfornöfn.
2. Spurnarfornöfn.
3. Afturbeygt fornafn.
4. Eignarfornöfn.
5. Ábendingarfornöfn.
6. Óákveðin fornöfn.

Skrifaðu eitt eða fleiri dæmi um orð í öllum flokkum.

1. Ég, þú, hún, hann, það.
2. Hver, hvor, hvaða.
3. Sig.
4. Minn, þinn, sinn.
5. Sá, þessi, hinn.
6. Annar, fáeinir, enginn.

## 25. FORNAFNALEIKUR

Strikaðu yfir öll fornöfnin í kassanum sem hægt er að lesa frá vinstri til hægri. Þegar þú ert búin(n) að strika yfir orðin átt þú að geta lesið setningu út úr þeim stöfum sem eftir eru.

R	Ö	N	N	U	R	Ú	S	S
S	Ú	L	V	†	Ð	A	N	D
É	G	E	E	N	G	A	N	R
S	T	Æ	H	V	A	Ð	A	R
S	M	†	G	T	S	†	G	A
L	A	N	F	Á	E	†	N	A
D	Í	H	V	E	R	H	E	I
A	†	†	†	R	M	V	Ö	R
I	H	V	†	†	†	K	U	M

Lausnarsetning: **Rússland er stærsta land í heimi.**

Aukaverkefni: Greindu skáletruðu orðin í orðflokka.

Hver (sfn.) segir að hér hafi verið hver (no)? Hver (sfn.) á þetta kver (no)?  
Sá (áfn.) sem sá (so) þetta þarf að sá (so) fræi í reitinn.

## 26. MYNDAGÁTA

Leystu myndagátuna.

Hver s kona r kvi kind i er tjald ur? **Hvers konar kvikindi er tjaldur?**

## 27. EYÐUFYLLING

### *Gleðin fyllir sálina*

Skriðu orðin í kassanum á rétta staði í eyðurnar.

Nú veit ég að það er **gleðin** sem skapar gáfur og vilja. Eins og blóm sem lengi hefur staðið í **purri** mold þótt það sé vel af guði gjört þá hvítna blöðin og **leggjast** niður á jörðina og sjálft blómið **hneigir** höfuðið sigrað af þungu **magnleysi** en regnskúrin réttir það við og blöðin verða **græn** og stinn og drekka sólina, þannig er um okkur **mennina**, langvinn mótdrægni sýgur **kjarkinn** og safann úr beinunum og gjörir okkur **hokna** og beygða en gleðin réttir okkur aftur og fyllir sál okkar með **preki** og lífslöngun.

Jóhann Sigurjónsson skáld (1880–1919), úr bréfi Jóhanns til bróður síns, 15. maí 1907.

Finndu tvo fugla í setningunni fyrir neðan.


Í gær taldi Sigurlaug **æskilegt** að fara niður á strönd.

## 28. KROSSGÁTA

Hér er áherslan á orð sem hefjast á stafnum f.

- Lárétt
- 4. formáli
- 5. fold
- 6. fótur
- 9. forfaðir
- 10. brýna
- 12. búr
- 13. brú
- 14. foreldrar

- Lóðrétt
- 1. forvitinn
- 2. forn
- 3. forseti
- 4. fólk
- 5. fortíð
- 7. framtíð
- 8. freknur
- 9. fóstur
- 10. bæti
- 11. fótþölti
- 12. byssa
- 14. forða



## 29. KYN TALA FALL

Skráðu kyn, tölu og fall orðanna fyrir framan svigana eins og sýnt er.

Ágústus keisari (**kk et nf**) hefur stundum verið kallaður keisari keisaranna (**kk ft ef**) í sögu rómverska heimsveldisins (**hk et ef**) og er það álit margra að meðan hann var við völd (**hk ft bf**) hafi heimsveldið (**hk et nf**) risið hæst. Þetta er þó umdeilanlegt, því enda þótt hann hafi komið reglu á heimsveldið á upplausnartímum (**kk ft bgf**) og stjórnað því af röggsemi (**kvk et bgf**), varð það til þess að lýðræðið (**hk et nf**) leið endanlega undir lok og er enginn kominn til með að segja að það hafi ekki getað átt framtíð (**kvk et bf**) fyrir sér og kannski hefði saga heimsins (**kk et ef**) þróast á allt annan hátt. Ágústus var barnabarn systur (**kvk et ef**) Júlíusar Sesars. Hann fæddist 63 fyrir Krist (**kk et bf**) og hét upphaflega Caius Oktavíanus. Strax á unga aldri vakti hann athygli (**kvk et bf**) frænda síns Júlíusar Sesars sem sá hvað í drengnum (**kk et bgf**) bjó og því ákvað Sesar að ættleiða hann. Öðlaðist hann þá nýtt nafn (**hk et bf**), Caius Júlíus Caesar Octavíanus. Var það árið (**hk et bf**) 44, sama árið og Sesar var myrtur. Nafnið Ágústus var aftur á móti heiðurstitill (**kk et nf**) sem hann fékk frá öldungaráðinu árið 27 f.Kr.

## 30. STIGBREYTING LÝSINGARORÐA

Finndu lýsingarorðin í textanum og stigbreyttu þau.

Árið 60 f.Kr. sneri hinn **sigurreifi** Sesar aftur til Rómar og myndaði **öflugt** stjórnarsamstarf með þeim Pompei og Krassusi, sem höfðu verið **virtir** konsúlar og **æðstu** framkvæmdarmenn lýðræðisins. Þá var Sesar 41 árs að aldri. Í kjölfarið lét Sesar gera sig að héraðsstjóra yfir Gallíu og Illycium. Hann vissi sem var að til þess að verða **valdamikill** og **vinsæll** í Róm varð hann að vinna **glæsta** hernaðarsigra, en með **góðum** sigrum gat hershöfðingi umbunað **dyggum** mönnum vel og gert þá sér **trygga**. Allt þetta gerði hann og aflaði sér virðingar og orðstírs heima fyrir.

FRUMSTIG

sigurreifur

öflugt

virtir

(ekki til í frumstigi)

valdamikill

vinsæll

glæstur

góður

dyggur

tryggur

MÍÐSTIG

sigurreifari

öflugara

virtari

æðri

valdameiri

vinsælli

glæstari

betri

dyggari

tryggari

EFSTASTIG

sigurreifasti

öflugast

virtastir

æðstir

valdamestur

vinsælastur

glæstastur

bestur

dyggastur

tryggastur

## 31. ORÐFLOKKAGREINING

Lestu textann fyrir neðan og merktu við hvaða orðflokki undirstrikuðu orðin tilheyra. Aðeins eitt svar er rétt hverju sinni. Ef orðið er ekki nafnorð, sagnorð, lýsingarorð eða fornafn, merktu þá við „annað“.

Jökulsprungu hefur opnast í Mýrdalsjökli rétt við akstursleiðina sem liggur að Fimmvörðuhálsi. Sprungan er vestan í Goðabungu og er hún samhliða akstursleiðinni. Sprungan er 30–40 sentimetra breið og opin á allt að 15 metra kafla.

ORÐ	no.	lo.	so.	fn.	annað
opnast	_____	_____	X	_____	_____
akstursleiðina	X	_____	_____	_____	_____
liggur	_____	_____	X	_____	_____
Sprungan	X	_____	_____	_____	_____

vestan	_____	_____	_____	_____	X
Goðabungu	X	_____	_____	_____	_____
hún	_____	_____	_____	X	_____
breið	_____	X	_____	_____	_____
opin	_____	X	_____	_____	_____
metra	X	_____	_____	_____	_____

## 32. LJÓÐALESTUR

Hvers konar ljóð er Lífsins slaufur? **Nútímaljóð.**

Hvaða andstæður eru í ljóðinu? **Sandalar og gaddaskór.**

Ef orðin sandalar og gaddaskór eru tákn, fyrir hvað standa þau?

Sandalar væru hér kannski táknmynd um hógvært líf, þar sem viðkomandi reynir að sníða sér stakk eftir vexti, er ekki að keppast við að ná langt eða lengra en efni standa til. Gaddaskór væru þá aftur á móti táknmynd fyrir kappsemi og mikinn metnað.

## 33. SAGNORÐ

Finndu sagnorðin í textanum, skráðu þau fyrir neðan og tilgreindu hvort þau standa í nútíð, þátíð eða nafnhætti. Ekki þarf þó að telja sömu sögnina í sama formi tvisvar.

Guðmundur **hitti** Jón í bænum. Þá **langaði** á kaffihús því að þeir **voru** svangir. Þeim **virtist** gott að **fara** á Skálann. Þegar þeir **komu** þangað **pöntuðu** þeir kaffi og köku. Til **var** góð kaka. „Jón **vantar** rjóma með kökunni,“ **sagði** Guðmundur við afgreiðslumanninn. „Þeim **fækkar** sífellt sem **vilja** rjóma,“ **sagði** afgreiðslumaðurinn. „Þá **fjölgar** þeim sem **vilja** ekki rjóma,“ **sagði** Guðmundur og **kímdi**. Afgreiðslumanninn **setti** hljóðan.

sögn	nt/pt/nh	sögn	nt/pt/nh
<b>hitti</b>	<b>þátíð</b>	<b>vantar</b>	<b>nútíð</b>
<b>langaði</b>	<b>þátíð</b>	<b>sagði</b>	<b>þátíð</b>
<b>voru</b>	<b>þátíð</b>	<b>fækkar</b>	<b>nútíð</b>
<b>virtist</b>	<b>þátíð</b>	<b>vilja</b>	<b>nútíð</b>
<b>fara</b>	<b>nafnháttur</b>	<b>fjölgar</b>	<b>nútíð</b>
<b>komu</b>	<b>þátíð</b>	<b>vilja</b>	<b>nútíð</b>
<b>pöntuðu</b>	<b>þátíð</b>	<b>kímdi</b>	<b>þátíð</b>
<b>var</b>	<b>þátíð</b>	<b>setti</b>	<b>þátíð</b>



## 34. LESSKILNINGUR

Merktu skáletruðu staðina inn á kortið út frá vísbendingunum.



## 35. TÖLUORÐ

Skriðu töluorð í stað talnanna.

Ég fékk **eitt** stig í **fyrstu** umferð en **fimm** stig í **annarri** umferð. Í **þriðju** umferð fékk ég svo **tuttugu** stig. Ágúst var í **fyrsta** sæti, en Páll bróðir hans náði einungis **þriðja** sæti í sama riðli. Það er **einn** á undan okkur svo við ættum ekki að þurfa að bíða lengi. Áslaug reyndist vera **þúsundasti og fyrsti** viðskiptavinurinn í verslun Baldurs og fékk fyrir það úttekt upp á **eitt hundrað fimmtíu og sex þúsund** krónur. Sú sem var **þúsundasti** viðskiptavinurinn fékk hins vegar úttekt fyrir **fimm hundruð þúsund** krónur auk þess sem hún fékk ferð fyrir **tvö** til Færeyja að verðmæti **tvö hundruð þúsund** krónur.

Aukaspurning: Skæri og buxur eru fleirtöluorð. Hvort segir þú tvö skæri eða **tvenn** skæri / tvær buxur eða **tvennar** buxur?

## 36. ORÐALEIKUR

**Orð sem byrja á S**

Finndu orð eftir leiðbeiningunum sem gefnar eru upp. Öll orðin eiga að byrja á S.

Tillögur:

- |                  |                 |
|------------------|-----------------|
| 1. Karlkynsnafn. | <b>Sigurður</b> |
| 2. Kvenkynsnafn. | <b>Sólveig</b>  |
| 3. Nafn á hesti. | <b>Sleipnir</b> |

4. Orð yfir verkfæri.	Sög
5. Orð yfir vörutegund.	Skыр.is
6. Orð yfir íþrótt.	Skautahlaup
7. Orð yfir starf.	Símvirki
8. Orð yfir þorp.	Súðavík
9. Orð yfir fjörð.	Siglufjörður
10. Orð yfir ríki.	Spánn
11. Orð yfir tilfinningu.	Sorg
12. Sagnorð.	Sefa
13. Lýsingarorð.	Sterkur
14. Orð yfir eitthvað í landslagi.	Stapi
15. Orð yfir fjall.	Snækollur

*Hvaða orð fannst þér erfiðast að finna?*

**(Mismunandi svör.)**

## 37. SAGNBEYGING

*Skrifaðu sagnirnar í svigunum í réttri mynd á strikin.*

Þessi fregn **flaug** (að fljúga) um allan bæinn og það var ekki **talað** (að tala) um annað en Hans og dauða hans. Allir **fundu** (að finna) honum eitthvað til hólís. Hann **var** (að vera) einstök fyrirmynd allra vatnskarla, dyggur og iðjusamur og eftir því þakklátur fyrir allt, sem honum var gott **gert** (að gera). Og allar ræður manna **enduðu** (að enda) með því, að það mundi verða langt þangað til annar eins vatnskarl **fengist** (að fást). Konurnar í húsum þeim, sem Hans **bar** (að bera) vatn til – og meðal þeirra **voru** (að vera) bæði frúr og maddömur – **létu** (að láta) olíulampa loga í kofanum hjá Hans, meðan hann **stóð** (að standa) uppi, og ein frúin **gaf** (að gefa) sálmabók til þess að leggja á brjóstið á honum.

Þar **lá** (að liggja) Hans á börunum í kofanum sínum og um allan kofann **ljómaði** (að ljóma) slík birta frá olíulampanum, að Hans mundi hafa **vaknað** (að vakna) frá dauðum af undrun, ef hann hefði **mátt** (að mega). Í lífinu hafði hann aldrei **átt** (að eiga) slíku ljósi að fagna. Og á brjosti hans lá sálmabókin logagyllta; lifandi hefði enginn **látið** (að láta) hann snerta svo fallega bók. Nú var Hans **orðinn** (að verða) hreinn og fínn – hann var dauður.

*Hvað merkir orðasambandið „að standa uppi“ í þessum texta?*

Þegar lík er látið liggja þannig að vandamenn geti kvatt hinn látna áður en hann er grafinn.

## 38. GÆSALAPPIR – BEIN RÆÐA

Skrifaðu brandarann hér fyrir neðan í óbeina ræðu, þ.e. án nokkurra gæsalappa.

Tillaga:

Önd bað barþjón um brauð, en barþjónninn sagðist ekki eiga neitt brauð. Þrátt fyrir neitun þrástagaðist öndin á þessu þangað til barþjónninn hótaði að negla gogg andarinnar fastan við borðið. Þá venti öndin kvæði sínu í kross og spurði hvort barþjónninn ætti nagla. Þegar barþjónninn svaraði því einnig neitandi, hélt öndin áfram að biðja um brauð.

## 39. ORÐFLOKKAGREINING

Lestu textann fyrir neðan og merktu við hvaða orðflokki undirstrikuðu orðin tilheyra. Aðeins eitt svar er rétt hverju sinni. Ef orðið er ekki nafnorð, sagnorð, lýsingarorð eða fornafn, merktu þá við „annað“.

Þegar Ari kom vestur, mun Þorkell föðurbróðir hans hafa sagt honum af þessari fróðu og spöku konu, sem þótti þá bera langt af öðrum konum að vitsmunum. Ari hefði varla getað kynnst þessari öldruðu konu ef hann hefði búið í öðrum landsfjórðungi.

ORÐ	no.	lo.	so.	fn.	annað
vestur	_____	_____	_____	_____	X
föðurbróðir	X	_____	_____	_____	_____
honum	_____	_____	_____	X	_____
fróðu	_____	X	_____	_____	_____
spöku	_____	X	_____	_____	_____
öðrum	_____	_____	_____	X	_____
vitsmunum	X	_____	_____	_____	_____
kynnst	_____	_____	X	_____	_____
öldruðu	_____	X	_____	_____	_____
búið	_____	_____	X	_____	_____
landsfjórðungi	X	_____	_____	_____	_____

## 40. KROSSGÁTA


Finndu nafnorð sem hægt er að mynda af sögnunum.

### Lárétt

3. sláttur
4. sigling
7. geymsla
8. keppni
11. krafa
12. Sunday
13. fall
14. nafn
15. bygging
17. svengd
19. ferð

### Lóðrétt

1. brot
2. nálgun
4. sjón
5. greiðsla
6. glötun
8. klak
9. prufa
10. hvatning
13. frelsi
16. gjöf
17. skrif
18. notkun



## 41. MANNLÝSINGAR

Lestu lýsingarnar sem fara hér á eftir af fjórum persónum Íslendingasagna og umorðaðu þær eins og um nútímamanneskjur væri að ræða. Hafðu þær styttri og hnitmiðaðri ef þú getur.

(Mismunandi svör.)

## 42. ORÐAÞRAUT

Nafn	Hvar keypt	Framleiðandi	Verð
Gammurinn	London	Zorro	20.000
Töggur	Genf	Mono	10.000
Vaskur	París	Bruno	30.000

## 43. EYÐUFYLLING

### Gunnar á Hlíðarenda

Skriðu orðin í kassanum á rétta staði í eyðurnar.

Gunnar Hámundarson bjó að **Hlíðarenda** í Fljótshlíð. Hann var mikill maður vexti og **sterkur** og allra manna best vígur. Hann hjó báðum **höndum** og skaut ef hann vildi og hann vó svo skjótt með sverði að **þriju** þóttu á lofti að sjá. Hann skaut manna best af boga og **hæfði** allt það er hann skaut til. Hann hljóp meir en hæð sína með öllum **herklæðum** og eigi skemmra aftur

en fram fyrir sig. Hann var **syndur** sem selur. Og eigi var sá leikur að nokkur þyrfti við hann að **keppa** og hefir svo verið sagt að engi væri hans **jafningi**. Hann var vænn að yfirliti og ljóslitaður, rétt nefið og hafið upp í framanvert, **bláeygur** og snareygur og rjóður í kinnum, hárið mikið, **gult**, og fór vel. Manna var hann kurteisastur, harðger í öllu, **ráðhollur** og góðgjarn, mildur og stilltur vel, vinfastur og vinavandur. Hann var vel **auðigur** að fé.

## 44. VÍSNAÞRAUT

*Í rammanum hér fyrir neðan eru orðin í fallegri stöku eftir Ólöfu frá Hlöðum. Raðaðu þeim rétt á línurnar.*

**Dýpsta sæla og sorgin þunga**  
**svífa hjóðlaust yfir storð.**  
**Þeirra mál ei talar tunga,**  
**tárin eru beggja orð.**

## 45. UPPRIFJUN

### **Sagnorð**

*Settu eftirfarandi sagnir í rétta beygingarmynd.*

Ég get ekki **beðið** (bíða).

Þú hefur aldrei **hlaupið** (hlaupa) hratt.

Konan **óf** (vefa) dúkinn fyrir mörgum árum.

Hann segist hafa **þvegið** (þvo) sér vel um hendurnar.

Hver **olli** (valda) slysinu sem varð í gær?

Talið er að bílstjórinn hafi **valdið** (valda) því.

### **Beyging fallorða**

*Beygðu saman í öllum föllum eintölu og fleirtölu.*

göfug drottning

mildur vetur

göfuga drottningu

mildan vetur

göfugri drottningu

mildum vetri

göfugar drottningar

milds vetrar

göfugar drottningar

mildir vetur

göfugar drottningar

milda vetur

göfugum drottningum

mildum vetrum

göfugra drottninga

mildra vetra

björt nótt	boginn fingur
bjarta nótt	boginn fingur
bjartri nótt(u)	bognum fingri
bjartrar nætur	bogins fingurs
bjartar nætur	bognir fingur
bjartar nætur	bogna fingur
björtum nóttum	bognum fingrum
bjartra nótta	boginna fingra

*Beygðu orðin í öllum föllum fleirtölu með greini.*

vetur	<b>veturnir - veturna - vetrunum - vetranna</b>
nótt	<b>næturnar - næturnar - nóttunum - nóttanna</b>
fingur	<b>fingurnir - fingurna - fingrunum - fingranna</b>

*Beygðu orðið upplyfting í öllum föllum eintölu með greini.*

**upplyftingin - upplyftinguna - upplyftingunni - upplyftingarinnar**

*Beygðu orðið lýsing í öllum föllum eintölu með greini.*

**lýsingin - lýsinguna - lýsingunni - lýsingarinnar**

*Beygðu orðið beiðni í öllum föllum eintölu (erfitt!).*

**beiðni - beiðni - beiðni - beiðni**

*Beygðu orðið eyri í öllum föllum eintölu með greini.*

**eyrin - eyrina - eyrinni - eyrarinnar**

## **Stafsetning**

*Settu rétta stafi í eyðurnar (i – í – y – ý – ei – ey).*

Margir nemendur **fyll**ast stolti við skólasl*í*t á vorin. Þennan hnút skal ég **ley**sa. Í Hl*í*ðarfjalli við Akur**ey**ri er gaman að vera á sk*í*ðum. Hann vildi ekki **hý**sa gestinn. Jó*í* slei*t* **tey**gjuna í morgun og **bei**t sig svo í fingurinn. Mig dr**ey**mdi góðan draum. Jenn**y** var þr**ey**tt þegar hún kom heim. Hann reið yfir **ey**stri kvíslina. Ég h**ley**p nokkuð hratt en **rey**ni þá auðvitað mikið á mig. Pabbi er hættur að **rey**kja. **Sy**stir mín er stríðin. **Sy**stki*n*in hjálpa foreldrum sínum við uppþvottinn. Þau **sy**ngja við vinnu sína. Það sk**y**ggir ekki fyrr en undir miðnætti. **Sy**ðri leiðin er st**y**ttri. **Ký**rin er h**y**rnd. Greinirinn **lý**tur sínum eigin reglum, óháð nafnorðunum. Þú **lý**tur inn hjá mér í kvöld.

Settu n eða nn í eyðurnar.

Pórarinn er hniginn á efra aldur. Ég sá stóran en skrítnn mann á götunni. Þau gengu yfir brúna og sáu stúlkuna og folaldið. Þau sáu líka kálfinn sem stóð mitt á milli kúna. Gefjun og Dýrunn eru systur. Ingólfur fór í fótboltaskóna, hljóp inn á völlinn, tók knöttinn á tána og skaut honum í slána. Þvotturinn var þveginni í vélinni. Úlpan var reyndar þvegin í höndunum. Ég á lítinn, skrítnn hund. Við gengum upp langan hálsinn um morguninn. Himinninn var fagur þegar Þráinn kom út og rakst á Kristin og Kjartan.

Fylltu í eyðurnar.

Á næturnar er myrkur, einkum á veturna. Hann beit sig í fingurna á hægri hendi. Þjálfarinn sá alla feðurna og mæðurnar á hliðarlínunni.

Settu orðið í réttri beygingarmynd í eyðuna.

Vegna **rigningarinnar** kom ég ekki.  
Skipstjóri **Akureyrarinnar** heitir Jón.  
Kjöll **drottningarinnar** er úr silki.

## Samsett orð

Búðu til samsett nafnorð úr eftirfarandi þörum.

nótt kyrrð	<b>næturkyrrð</b>
lestur hestur	<b>lestrarhestur</b>
mánuður mót	<b>mánaðamót</b>
jörð ber	<b>jarðarber</b>

## Greinarmerki

Settu viðeigandi greinarmerki í eftirfarandi texta.

Jón kom inn og sagði: „Góðan dag, börnin góð. Ég keypti epli, appelsínur, gúrkur og banana.“

„Hvar áttu heima?“ spurði kennarinn.

„Ég á heima á Íslandi,“ svaraði ég.